



Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 11.8.2025

Málsnúmer: 202507-0027

IAS

Efni: Efnistaka við Skollagróf. Matskyldufyrirspurn.

Vísað er til erindis frá Skipulagsstofnun frá 15. júlí 2025 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um matskyldufyrirspurn vegna efnistöku við Skollagróf í Hrunamannahreppi.

Steypustöðin-námur ehf. hyggur á efnistöku úr Skollagróf á um 430.000 m³ af efni, á um 7-8 ha landssvæði. Náman eru staðsett í Hrunamannahreppi, um 5 km frá Flúðum. Fyrirhugað efnistökusvæði er staðsett niður undir Hvítá, þar sem áin breiðir úr sér á eyrum og rennur um malaraeyrar. Efnistaka hefur farið fram í námunni til margra ára, að miklu leyti án þess að tilheyrandi leyfi hafi verið til staðar.

Talið er að árleg efnisþörf gæti verið um 20.000 m³ en staðsetning námunnar á bökkum Hvítár gerir það að verkum að svæðið endurnýjar sig að miklu leyti nánast árlega sé miðað við þetta magn af efni. Einnig er ekki mikið um stórar námur á þessu svæði og því töluverð þörf á efnisvinnslu til að mæta áætlaðri uppbyggingu í nærumhverfinu.

Efnistökusvæðið liggur skammt norður af Kópsvatni og Kópsvatnseyrum, sem njóta hverfisverndar í aðalskipulagi sveitarfélagsins. Við Kópsvatn er votlendi og fjölbreytt fuglalíf og á Kópsvatnseyrum er allmikið varp, aðallega sílamáfa og grágæsa. Svæðið er á skilgreindu mikilvægu fuglasvæði, eins og allt Suðurlandsundirlendið.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinargerðina með matskyldufyrirspurninni.

Almennt er efnistaka úr virkum árfarvegum óæskileg þar sem hún getur haft mikil áhrif á setmyndun og rof bæði ofan og neðan við efnistökusvæðið. Fram kemur að efnistaka hefur farið fram á svæðinu frá því að elstu menn muna og að lítil sem engin ummerki séu um þá efnistöku. Ekki eru til neinar upplýsingar um magn efnis sem hefur verið tekið og því er ekkert hægt að segja um áhrif þess að vinna 20.000 m³ á ári á svæðinu. Mikilvægt er að skoða hvaða áhrif fyrirhuguð efnistaka getur haft á Kópsvatnseyrar en eins og kemur fram í greinargerðinni er Kópsvatnseyri hverfisvernduð og þar er mikið fuglalíf sem efnistakan getur haft áhrif á. Efnistökusvæðið skarast við flóðahættusvæði samkvæmt hættumati vegna vatnsflóða í Hvítá í Árnessýslu og Ölfusá¹ og því þarf að meta hvort efnistakan auki líkur á flóðum á svæðinu og skoða hvaða áhrif flóð gætu haft á Kópsvatn og önnur svæði í nágrenni efnistökunnar. Annað efnistökusvæði er á bökkum Hvítár í landi Kópsvatns og þarf að skoða samlegðar áhrif með þeirri efnistöku og hvort fyrirhuguð efnistaka geti valdið rofi á árbakka Hvítár við Kópsvatnsnámur.

Það er því álit Náttúrufræðistofnunar að efnistakan eigi að fara í mat á umhverfisáhrifum.



Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur

1 Emmanuel Pagneux, Matthías Á. Jónsson, Bogi B. Björnsson, Sif Pétursdóttir, Njáll F. Reynisson, Hilmar B. Hróðmarsson, Bergur Einarsson og Matthew J. Roberts, 2019. Hættumat vegna vatnsflóða í Ölfusá. Veðurstofa Íslands, VÍ-2019-013. (https://www.vedur.is/media/vedurstofan-utgafa-2019/VI_2019_013_.pdf)